



STARFSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2026- 2027

Leikskólinn Barnaból

Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir


Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar um skólann.....	2
Skipurit.....	2
Starfsmannamál.....	3
Stoðþjónusta, sérfræðiþjónusta.....	4
Faglegar áherslur.....	4
Leiðarljósín í foreldrasamstarfi.....	5
Kynningarfundir.....	5
Foreldrasamtöl.....	5
Foreldraráð.....	6
Foreldrafélag.....	6
Samskiptakerfi.....	6
Samstarf við grenndarsamfélag.....	7
Samstarf við grunnskólann.....	7
Slökkvilið og lögregla.....	7
Helstu verkefni 2026-2027.....	7
Markviss málörvun og leikskólalæsi.....	7
Heilsueflandi leikskóli.....	8
YAP - leikskólaþími.....	9
Jákvæður agi.....	9
Öryggismál.....	9
Mat á leikskólastarfi.....	10
Innra mat.....	10
Matsteymi.....	10
Matsáætlun.....	10
Starfspróunaráætlun.....	11
Hlutverk.....	11
Mat á árangri.....	12

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leikskólinn Barnaból er tveggja deilda aldursskiptur leikskóli fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Haustið 2019 var nýtt leikskólahúsnæði tekið í notkun. Þar er gert ráð fyrir að geti verið 38 börn á tveim deildum. Leikskólinn Barnaból er rekinn af Langesbyggð og skólastjóri er Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir.

Skipurit



Nemendafjöldi og dvalartími

Boðið er upp á 4 – 8 tíma vistun og einnig stendur foreldrum til boða að kaupa korter fyrir eða eftir heilan tíma.

Áætlaður barnafjöldi fyrir haustið 2026 er 23 börn. Áætlaður fjöldi á skólaárinu er ekki ljós en nokkur börn eru komin með aldur eða verða komin með aldur um áramót en hafa ekki sótt um. Nokkur fjöldi barna njóta viðbótarþjónustu hjá okkur. Aðallega erum við að sinna börnum með því að veita snemmtæka íhlutun og stuðning. Þar á meðal eru tvítyngd börn, en fjöldi tvítyngdra barna er töluvert meiri en oft áður.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlaður 8.70, af því eru 6,70 inn á deild með börnum. Grunnstöðugildi eru ca. Fjögur og hálf og því eru tvö stöðugildi sem dekkja

Starfsáætlun 2026- 2027

undirbúning og afleysingu vegna veikinda og fría. Heildarfjöldi starfsmanna er áætlaður 9.

Búið er að ganga frá öllum ráðningum þegar þessi áætlun er gerð.

Starfsdagar og starfsmannafundir

Skóladagatal leikskólans er að finna [hér](#):

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M	

Skipulagsdagur er fyrsta dag eftir sumarfrí og þá geta starfsmenn og kennarar undirbúið allt áður en börnin mæta.

Sumarlokun árið 2027 verður í 5 vikur frá 28.júní

17. september	Starfsdagur*
17.nóvember	Starfsdagur
10.mars	Starfsdagur
23.apríl	Starfsdagur*
26.apríl	Starfsdagur

*Starfsdagar þar sem grunnskólinn er einnig með starfdag

Opnunartími leikskólans

Þetta skólaár var ákveðið að breyta fyrirkomulagi vinnustyttingar til reynslu í eitt skólaár. Vinnuvika starfsmanna og kennara er 36 stundir samkvæmt kjarasamningum. Til þess að bregðast við þessu og halda uppi faglegu starfi var ákveðið að stytta opnunartíma leikskólans um 2 klukkustundir á viku og loka leikskólanum í dymbilviku og jólafrí verður eins og í grunnskólanum.

Mánudagur– fimmtudagur	7:45 - 16:15
Föstudagur	7:45 - 14:15

Stoðþjónusta, sérfræðiþjónusta

Hér í Langanesbyggð sækjum við ráðgjöf og sérfræðiþjónustu til Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga sem staðsett er á Húsavík. Þangað er sótt sálfræðiþjónusta, talkennsla, þjónusta við fatlaða og greining á börnum vegna ýmissa raskana og svo uppeldislega ráðgjöf. Það koma fulltrúar frá þeim til okkar 6-8 sinnum yfir árið.

Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir bæði grunnskólanum og leikskólanum. Það hefur gengið vel og var skiptingin á síðasta skólaári 90/10 og gerum við ráð fyrir að það verði eins þetta skólaár.

Stoðþjónusta

Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir markvissum stundum þar sem börn eru tekin út af deildinni sinni, ýmist ein eða með litlum hóp. Annars er markmið okkar að vinna með börnin saman inn á deild eins og hægt er. Við notum vel þær skimanir sem við höfum s.s. TRAS til að byrja snemma með íhlutun og stuðning inn á deildum í daglegu starfi. Iðjupjálfi kemur til okkar eftir þörfum og heldur utan um þau börn sem þurfa hennar þjónustu. Þessar helstu skimanir og skráningar sem við erum með eru; Orðaskil, TRAS, MIO, EFI_2 og HLJÓM_2.

Faglegar áherslur

Síðustu ár höfum við verið að gera starf leikskólans markvissara og þannig að allir séu að vinna í takt. Við teljum okkur vera komin með þær áherslur sem við viljum sjá í starfinu og þetta skólaár verður unnið markvisst að því að innleiða þessa þætti enn betur inn í skólastarfið.

Áhersla verður þetta skólaár á samvinnu milli heimilis og skóla, áfram munum við vinna með trú á eigin getu og jafningjastuðning. Verkefni okkar í að byggja upp lærdómssamfélag er lokið en það þýðir samt í raun að verkefnið er rétt að byrja, svo við höldum áfram að byggja á því sem búið er að vinna að og halda við þekkingu þar sem nýtt fólk bætist við.

Síðasta skólaár var hluti starfsmanna að vinna með þróunarhring inn á yngri deildinni , þar sem verið var að skoða ýmislegt í starfinu. Við munum halda því áfram ásamt því að gera minni starfendarannsóknir sem hjálpa okkur að efla okkur sem fagmenn og faglegt starf í leikskólanum.

Við höldum áfram innleiðingu á agastefnu sem nefnist Jákvæður agi. Agastefnan Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkenningum þar sem áherslan er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingum.

Við ætlum að halda áfram vinnu okkar sem heilsueflandi leikskóli og vinna áfram heilsustefnu leikskólans. En Langanesbyggð er þátttakandi í samskonar verkefni sem nefnist heilsueflandi samfélag. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Okkur langar að blása lífi í útikennsluna og vinna áfram að umhverfismenntinni eins og síðustu ár.

Síðasta vetur unnum við að því að gera nýtt myndrænt skipulag og notuðum efni sem unnið var af MSHA og nefnist Orðaleikur. Okkur langar að vinna meira með þetta og stefnum að því að koma því markvissar inn í starfið. Með þessu höfum við verið að innleiða Tákni með tali og heldur sú innleiðing áfram.

Skólanámskráin okkar er enn í endurskoðun en við erum að bíða með að klára hana að fullu þar sem verið er að vinna að nýrri menntastefnu fyrir sveitarfélagið og mikilvægt að þær rými vel saman.

Leiðarljósini í foreldrasamstarfi

Leiðarljós okkar í foreldrasamstarfi eru samvinna, traust, og jákvæðni. Lögð er áhersla á að foreldrar og starfsfólk leikskólans vinni saman og hafi ávallt velferð barnanna í fyrirrúmi. Einnig höfum við lagt áherslu á samskipti við báða foreldra. Báðir foreldrar eru hvattir til að hafa virkt netfang í leikskólanum þannig að allar upplýsingar, fundarboð, fréttabréf og viðhorfskannanir fari til beggja foreldra. Þegar leitað er eftir foreldrum til setu í foreldraráðum eru bæði feður og mæður hvattir til að gefa kost á sér og þá eru báðir foreldrar hvattir til að mæta í foreldrasamtöl.

Kynningarfundir

Fundur í maí fyrir nýja foreldra þar sem farið er yfir aðlögunina. Leikskólinn skoðaður og foreldrar og kennarar hittast og ræða saman.

Fundur í september/október þar sem farið er yfir næsta skólaár. Þar er vetrarstarfið kynnt, farið yfir breytingar og praktísk atriði sem alltaf þarf að minna á.

Foreldrasamtöl

Tvisvar á ári eru formleg foreldrasamtöl. Hið fyrra er yfirleitt í október og hið síðara í mars.

Í samtalinu í október er líðan barnsins undirstaðan og svo er tekið þroskapróf í byrjun mars sem er undirstaðan í seinna samtalinu.

Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir telja þörf á.

Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skál kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Vegna þess hversu fámennur leikskólinn okkar er höfum við haft það þannig að kosnir eru 3 foreldrar úr stjórn foreldrafélagsins til að sitja í foreldraráði.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og kennara, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best

Foreldrafélagsgjald er kr. 4000 á ári fyrir hvert barn og er innheimt með leikskólagjöldum á haustin.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin ár hvert þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og ný stjórn kjörin sé óskað eftir því. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við stjórnina hafi þeir einhverjar ábendingar eða athugasemdir og alltaf eru góðar hugmyndir vel þegnar.

Samskiptakerfi

Verið er að vinna að nýrri heimasíðu fyrir leikskólann, en eldri heimasíða var tengd Karellenkerfinu sem við erum ekki lengur að nota.

Foreldrar geta sótt sér app sem heitir *Vala leikskóli* í símann þar sem m.a er aðgengilegt dagatal, matseðill, myndir og upplýsingar um hvernig barnið svaf og borðaði. Einnig geta kennarar og foreldrar skrifað skilaboð til hvors annars. Foreldrar merkt við veikindi eða leyfi.

Leikskólinn er einnig með facebook síðu en við notum hana nær eingöngu til að deila fréttum af heimasíðunni og öðrum áhugaverðum fétum sem við viljum benda foreldrum á.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf við grunnskólann

Á vorönninni fara 5 ára börnin í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og vinna verkefni sem skipulögð eru bæði af leik- og grunnskólakennurum. Í haust er stefnt að því að endurmeta þessa áætlun og breyta og bæta eftir því sem þurfa þykir.

Einnig hafa grunnskólakrakkar verið að koma til okkar í viku atvinnulífsins og við höfum verið að taka þátt í vali á unglingastigi og fengið til okkar krakka yfir þessar valannir.

Unnið hefur verið að því að efla samvinnu skólanna í Langanesbyggð og hittast skólástjórnendur og deildarstjóri stoðþjónustu á fundi í hverri viku.

Samstarf við dvalarheimilið Naust

Síðasta skólaár vorum við í góðu samstarfi við Naust. Tveir elstu árgangar leikskólans voru þátttakendur. Þetta samtarf hefur fjölmarga kosti bæði fyrir börnin og eldri borgarana. Verkefnið hefur fyrst og fremst byggst á sameiginlegum verkefnum sem eru unnin þegar börnin koma í heimsókn á Naust. Dæmi um verkefni er s.s. mála með vatnslitum, leira, syngja, baka og skera út í laufabrauð. Samstarf milli kynslóða skapar samfélag þar sem allir fá að tilheyra og eykur virðingu, og getur verið ómetanlegur þáttur í starfi leikskóla. Stefnum við á að þróa þetta verkefni áfram næsta skólaár.

Slökkvilið og lögregla

Logi og Glóð nefnist samstarfsverkefni við slökkvilið Langanesbyggðar. Fulltrúi slökkviliðsins kemur í 1-2 heimsóknir og þess á milli sinna elstu börnin eftirliti á ýmsum öryggisþáttum. Lögreglan kemur í heimsókn á hverju vori á hjóladegi og fer yfir ýmis mál sem snerta öryggi í umferðinni og notkun reiðhjólahljálma.

Björnir brunabangsi er skemmtileg viðbót í forvarnarstarfi slökkviliðsins og spennandi að sjá hvernig það verkefni þróast.

Helstu verkefni 2026-2027

Markviss málörvun og leikskólalæsi

Markmið leikskólans er að skapa gott og hvetjandi málumhverfi þar sem öll börn fá tækifæri til að þroska mál sitt og leggja grunn að læsi. Við leggjum áherslu á að efla tjáningarhæfni, orðaforða og áhuga barna á bókum og frásögnum.

Daglegar samverustundir þar sem við lesum fyrir börnin úr fjölbreyttum bókum sem eru valdar með tilliti til aldurs, áhuga og þarfa hvers hóps. Börnin fá tækifæri til að ræða sögurnar, skoða myndir og tengja efnið við eigin reynslu.

Kennarar tala virkt við börnin í gegnum daginn og nýta hverja stund sem tækifæri til málörvunar. Við notum opnar spurningar, tákn með tali, hlustum og gefum börnunum nægan tíma til að tjá sig. Matmálstímar, fataklefar og frjáls leikur eru nýtt markvisst til að efla samræður.

Við notum frásagnir, rím, orðaleiki og söngva til að efla hljóðvitund og málfærni. Hlutverkaleikir, skapandi verkefni og félagslegir leikir veita börnunum tækifæri til að æfa frásagnarhæfni og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Leikskólinn notar mikið myndrænt skipulag til að styðja við málproska barna. Börn fá aðgang að bókum, blöðum og skrifáhöldum og eru hvött til að leika sér með stafi og ritað mál.

Við fylgjumst markvisst með málproska hvers barns og aðlögum verkefni og stuðning að þörfum þess. Við notum skimanir eftir aldri barna en það er t.d. TRAS, Hljóm_2 og EFI2. Samstarf við foreldra er mikilvægt til að tryggja samfellu í málörvun heima og í leikskóla. Niðurstöður mats eru nýttar til að þróa vinnubrögð og tryggja að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa.

Heilsueflandi leikskóli

Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi.

Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli mun því nýtast leikskólum sem verkfæri til að innleiða grunnþáttinn heilbrigði og velferð.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heilðræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun, og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni.

Stefnan þarf að vera unnin í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra, barna og nærsamfélagsins en þannig næst bestur stuðningur við málefnið og sameiginlegur skilningur.

Reglulega þarf síðan að meta árangur stefnunnar og endurskoða í samráði við fulltrúa allra þeirra sem áttu þátt í gerð hennar.

[Nánari upplýsingar má finn á síðu landlæknis.](#)

YAP - leikskólaþing

YAP eða Young Athletes Program er alþjóðlegt verkefni í samstarfi Special Olympics International og háskóla í Boston sem byggir á markvissri hreyfipjálfun og er ætlað börnum frá tveggja til sjö ára.

Ísland hóf innleiðingu YAP árið 2015 og er áhersla lögð á samstarf við leikskóla. Þó markmið sé að börn með sérþarfir fái snemmtæka íhlutun á sviði hreyfifærni hefur verkefnið verið innleitt á Íslandi með það að markmiði að öll börn njóti góðs af.

YAP kemur inn á grunnfærni hreyfiproska, eins og að ganga, hlaupa, hoppa, jafnvægi, kasta og sparka. Áhersluatriðin eru átta: grunnfærni, ganga og hlaupa, kasta, grípa og rúlla, jafnvægi og hopp, kasta, slá/sveifla, sparka og sérstök hreyfifærni.

Markmiðið með þessu verkefni er að öll börn sem þurfa á auka hreyfipjálfun að halda til þess að bæta slakan hreyfiproska fái þá aðstoð sem þau þurfa og að lögð sé áhersla á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Sérstakur markhópur er nemendur með slaka hreyfifærni, hegðunarvandkvæði, vanvirkni eða óöryggi sem og tvítyngdir nemendur.

Efnið er einfalt, aðgengilegt og þarfnast ekki mikils undirbúnings eða áhalda, sem gerir það heppilegt fyrir leikskóla að taka upp.

Jákvæður agi

Agastefnan Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkenningum þar sem áherslan er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingum.

Rímar agastefnan vel við lærdómssamfélagið og mun þetta vinna allt vel saman. Innleiðing heldur áfram og mikilvægt að hafa góða áætlun og regluleg námskeið til að agastefnan verði hluti af daglegu leikskólastarfi.

Nær allir starfsmenn eru búnir að fara á grunnnámskeið í Jákvæðum aga í skólastarfi með yngstu börnunum (Certified Positive Discipline Early Childhood Educator).

Öryggismál

Heilbrigðis og öryggisáætlun leikskólans má finna á heimasíðu leikskólans. Einnig er þar að finna jafnréttisáætlun og áfallaáætlun og fleiri öryggisáætlanir skólans. Úttekt er gerð reglulega af opinberum aðilum á lóð og húsnæði leikskólans. Eftir slíkar úttektir eru gerðar úrbótaáætlanir og ber skólastjóri ábyrgð á gerð þeirra og eftirfylgni. Slysaskráningar eru gerðar og ber hver og einn starfsmaður ábyrgð á þeim, undir tilsjón deildarstjóra.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat

Skólanámskrá og starfsáætlun er sá grundvöllur sem innra mat byggir á. Þar er verið að skoða hvernig gengur að vinna að framgangi markmiða og stefnu leikskólans, þar sem markmið og leiðir eru metnar. Innra mat er hringferli sem er sífellt endurtekið. Í lok hvers hrings er gerð umbótaáætlun og greinargerð með helstu niðurstöðum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla og að fá alla hagsmunahópa skólasamfélagsins að helstu þáttum matsferlisins.

Matsteymi

Matsteymið okkar er skipað fulltrúa stjórnenda, leikskólakennara og annara starfsmanna. Teymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Matið er samofið daglegu starfi, því er gagna aflað um leik, nám og velferð í stafi á deildum, í útiveru og í öðru skipulögðu starfi. Greining gagna og markvissar samræður um umbætur fara fram á fundum s.s. deildarfundum, deildastjórafundum, starfsmannafundum og fundum foreldraráðs. Leikskólastarfsmenn og aðrir starfsmenn gegna mikilvægu hlutverki í innra mati með gagnaöflun, greiningu og framkvæmd umbóta.

Matsáætlun

Gerð er langtímamatsáætlun til fjögurra ára í senn, þar sem viðfangsefnin eru nám og kennsla, mannauður, stjórnun og skipulag, skólabragur og innra mat. Teymið gerir svo nánari matsáætlun fyrir ákveðin matssvið sem tekin eru fyrir yfir skólaárið.

Greinargerð og umbótaáætlun

Mikilvægt er að niðurstöður innra mats séu öllum aðgengilegar. Í lok skólaársins er gerð greinargerð um innra mat . Mikilvægt er að greinargerðin sé skýr, hnitmiðuð og stutt. Hana þarf að birta opinberlega t.d. á heimasíðu leikskólans, þannig að allir hagsmunaaðilar hafi aðgang að henni.

Eitt mikilvægasta skrefið í innra mati eru umbæturnar, að sú vinna sem lögð var í matið skili sér í raunverulegum umbótum sem hægt er að benda á. Í umbótaáætluninni þarf að tilgreina hvaða aðgerða þarf að grípa til fyrir hvern umbótapátt. Ákveða þarf tímasetningu og ábyrgðaraðila fyrir framkvæmdinni. Að lokum þarf svo að huga að því hvernig til tókst með umbæturnar og setja inn í matsáætlun, t.d. fyrir næsta skólaár. Ef umbótapættirnir eru margir þarf að forgangsraða þeim í samráði við skólasamfélagið. Starfspróun kennara er oft hluti af umbótum og því er mikilvægt að gæta samræmis á milli umbótaáætlunar og starfspróunaráætlunar.



Starfspróunaráætlun

Hlutverk

Starfspróunaráætlun Barnabóls er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu starfspróunaráætlunar en starfsfólk fyrir eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til starfspróunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Skilgreining á starfsþróunarpörf

Hverjum leikskóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti.

- ✓ Sem eru nauðsynlegir fyrir skólann.
- ✓ Sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans enda eru þau námskeið kennurum að kostnaðarlausu og eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða að skólastjórnendur senda starfsfólk á námskeið sem hentar skólanum. Ákvörðun skal tekin af skólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru einu sinni á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður.

Starfsmenn geta óskað eftir að hefja nám sem tengist starfi þeirra samhliða vinnu. Leikskólastjóri tekur ákvörðun m.a. út frá fjarvistum, áhuga og færni sem starfsmaður hefur sýnt á starfstímanum. Sveitarfélagið greiðir laun þegar starfsmenn fara í námslotur.

Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta starfsþróun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á starfsþróun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

Ferli við gerð starfsþróunaráætlana

Janúar og febrúar

- ✓ Leikskólastjóri tekur sína starfsmenn í starfsþróunarsamtal og niðurstöður úr því samtali nýtast í áætlanagerðinni.
- ✓ Starfsmenn koma með óskir um fræðsluerindi.

Mars

- ✓ Starfsfólk metur árangur í lok skólaársins í starfsmannakönnun.
- ✓ Stjórnendur taka saman niðurstöður og vinna drög að starfsþróunaráætlun skólans.
- ✓ Stjórnendur fara yfir fjárhagsáætlun og setja upp endurmenntunar kostnað.

Apríl/maí

- ✓ Starfsþróunaráætlun kláruð.

Ágúst/ September

- ✓ Starfsþróunaráætlunin kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi
- ✓ Starfsmaður fylgir eftir áætlun og skráir eigin símenntun.
- ✓ Stjórnendur veita stuðning og tryggja að sameiginleg fræðsla eigi sér stað.

Halldóra Friðbergsdóttir,
Þórshöfn. 07.05.2026

Foreldraráð hefur kynnt sér þessa starfsáætlun

